

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, hreinsistöðvar fyrir fráveitu á Egilsstöðum og Hallormsstað, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að skilgreind eru fjögur ný iðnaðarsvæði vegna hreinsistöðva fráveitu, þrjú sunnan Eyvindarár og eitt neðan Þjóðvegur nr. 931 vegna fráveitu frá þéttbýlinu á Hallormsstað.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. október 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.